

Fundargerð háskólaráðs
379. fundur fimmtudaginn 19.01.2017
Borgir, 262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:30.

Mættir voru auk hans:

Elvar Jónsson varafulltrúi menntamálaráðherra
Erla Björg Guðmundsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Guðmundur Kr. Óskarsson varafulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs
Valdemar Karl Kristinsson varafulltrúi nemenda

Forföll boðuðu:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Jens Garðar Helgason fulltrúi menntamálaráðherra

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Elísabet Hjörleifsdóttir formaður rannsóknamissgeranefndar
Sædís Gunnarsdóttir verkefnastjóri Stjórnslu rannsókna

Rektor kynnti dagskrá.

1. Samþykkt fundargerðar 378. fundar

1612027

Fundargerð 378. Fundar var borin upp og samþykkt án athugasemda.

2. Rekstur

Ólafur Halldórsson og Úlfar Hauksson komu inn á fundinn undir þessum lið.

Nákvæmt rekstrarniðurstaða 2016 liggur ekki fyrir en gert er ráð fyrir að niðurstaðan verði í samræmi við áætlanir og það sem kynnt hefur verið á undanförunum fundum.

Alþingi ákvað í lok desember að veita aukafjármagni í háskólana á Íslandi og munnleg staðfesting frá ráðuneyti um hlut HA í því fjármagni liggur fyrir en ekki hefur borist lokastaðfesting. Gert er ráð fyrir að hlutur HA verði í samræmi við stærð skólans í kerfinu og að aukafjárveitingin til HA verði um 110 milljónir (tímabundin eins skiptis fjárveiting). Lögð voru fram og kynnt drög að áætlun um ráðstöfun þessarar aukafjárveitingar. Fjármagnið mun væntanlega verða nýtt í endurnýjun á húsbúnaði, viðhald fasteigna, endurnýjun á rannsóknastofum, verknámsstofum, tölvu- og tækjabúnaði, styrking á rekstrargrunni, styrkja innviði og ýmislegt fleira sem hefur legið á hakanum og ekki verið hægt að setja fjármagn í vegna undirfjármögnunar s.l. ára. Háskólaráð samþykkir þessa ráðstöfun og að rekstraráætlun 2107 verði aðlöguð að þessum breytingum á fjárveitingum.

3. Doktorsnámsúmsókn

1302059

- Starfshópur um stofnun doktorsnámskóla

Rektor sagði frá stöðunni í undirbúningi að heimsókn úttektarnefndar vegna doktorsnámsúmsóknar HA. Í úmsókninni er viðauki sem felur í sér reglur um doktorsnám við HA og þar er kveðið á um að stofnaður verði Graduate School um meistara- og doktorsnám við HA. Rektor leggur til að settur verði á laggirnar starfshópur sem hefði með höndum undirbúning að stofnun þessarar einingar innan skólans og í þessum hópi verði þeir aðilar sem kæmu til með að tilheyra Graduate School þegar heimild til doktorsnáms liggur fyrir.

Stefán B. Sigurðsson hefur samþykkt að vera í forsvari fyrir hópinn. Hvert fræðasvið mun síðan tilnefna einn aðila í hópinn sem og háskólaskrifstofa og nemendur tilnefni tvo.

Háskólaráð samþykkir að starfshópnum verði komið á fót og undirbúningur hafinn að stofnun doktorssnámskóla (e. Graduate School) við HA.

4. Úthlutun rannsóknamissera

1609004

Elísabet Hjörleifsdóttir formaður rannsóknamisseranefndar og Sædís Gunnarsdóttir verkefnastjóri hjá Stjórnslu rannsókna og starfsmaður nefndarinnar. Elísabet kynnti niðurstöður nefndarinnar vegna úmsókna um rannsóknamisseri 2017-2018. Þrettán úmsóknir bárust, sjö úmsóknir uppfylltu ekki skilyrði. Nefndin leggur til að þeir 6 umsækjendur sem sendu

inn gilda umsókn verði úthlutað rannsóknamissari í samræmi við umsóknir þeirra.

Háskólaráð samþykkir tillögu rannsóknamissaranevndar um úthlutun rannsóknamissara fyrir skólaárið 2017-2018.

Jafnframt óskar háskólaráð eftir því að rektorsskrifstofa leiði endurskoðun á reglum um rannsóknamissari þar sem sérstaklega er skoðað hvort nægilegt tillit er tekið til margvíslegra þátta sem geta haft áhrif tækifæri akademískra starfsmanna til að stunda rannsóknir og ná framgangi í starfi.

5. Umsókn Háskólaseturs Vestfjarða um fullgildingu náms í sjávarbyggðafraeði

1609017

Fyrir liggur umsókn Háskólaseturs Vestfjarða um viðurkenningu á nýrri námsleið á meistarastigi í sjávarbyggðafraeðum, á sama hátt og HA viðurkennir og staðfestir meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun. Umsóknin hefur fengið umfjöllun og verið samþykkt í gæðaráði og framkvæmdastjórn.

Háskólaráð samþykkir að Háskólinn á Akureyri fullgildi og viðurkenni nýja námsleið við Háskólasetur Vestfjarða á sama hátt og námsleið í haf- og strandsvæðastjórnun. Háskólaráð ítrekar að Háskólinn á Akureyri ber ekki fjárhagslega ábyrgð á námsleiðinni en ber ábyrgð á gæðum námsins og útskrifar nemendur. Fulltrúum HA í meistaranámsnefnd Háskólaseturs Vestfjarða verður fjölgað í kjölfar þess að ný námsleið bætist við.

Tekið skal fram að fulltrúi nemenda situr hjá í atkvæðagreiðslu þar sem hann sat fund gæðaráðs um málið og samþykkti það þar.

6. Umsagnir HA um QEFII

1701032

Fyrir liggja drög að gæðahandbók íslenskra háskóla (QEFII) og hefur gæðaráð íslenskra háskóla óskað eftir umsögnum háskólanna og er óskað eftir að þær verði sendar inn í síðasta lagi 20. Janúar. Drögin hafa fengið umfjöllun í gæðaráði HA, á öllum fræðasviðum og háskólaskrifstofu. HA mun ekki gera neinar efnislegar athugasemdir við drögin, einungis smávægilegar athugasemdir.

7. Reglur um rafbílaleigubíla – árangur og framhald

171060

Rektor hefur látið taka saman skýrslu um árangurinn af reglum sem settar voru í janúar 2015 um notkun starfsmanna á rafbílaleigubílum. Skýrslan sýnir að árangurinn er mjög góður og hefur leitt til lækkunar á kol...notkun skólans um allt að 7%. Rektor leggur til að sömu reglur gildi

áfram næsta árið, að starfsmenn skuli leigja rafbíllaleigubíl ef akstur er innan við 100 km og er innanbæjar. Ef akstur er meiri en 100 km á dag og/eða um akstur utan þéttbýlis er að ræða er heimilt að leigja hefðbundinn bíl. Háskólaráð samþykkir þessa tillögu framkvæmdastjórnar

8. Stjórn Vísindasjóðs HA – skipun fulltrúa stjórnýslu

1609004

Rektor leggur til að eftirfarandi verði skipaðir fulltrúar í s

Samþykkt.

9. Starfsmannamál

Rektor rakti þær starfsmannabreytingar undanfarinna vikna og þær ráðningar sem framundan eru.

10. Önnur mál

- **Nýr fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs í vísindaráði**

Vegna ráðningar Rannveigar Björnsdóttur í stöðu forseta viðskipta- og raunvísindasviðs þarf að skipa nýjan fulltrúa sviðsins

- **TTO – Iceland**

Rektor sagði frá verkefninu og vinnu sem er í gangi í samstarfi allra háskólanna og fjölmargra fyrirtækja um stofnun sérstakrar Tækniyfirfærsluskrifstofu fyrir Ísland sem starfar fyrir alla skólana og umrædd fyrirtæki og stofnanir sem taka þátt í verkefninu. Háskólinn á Akureyri ætlar að taka þátt verkefninu með þeim fyrirvara um að kostnaður við verkefnið liggja fyrir áður en lokasamþykkt liggur fyrir. Hjörleifur Einarsson mun verða fulltrúi HA í þessu verkefni og sitja í stjórn þess. Kostnaður er áætlaður 15 milljónir á næstu árum sem skiptist á milli þeirra stofnana sem eru þátttakendur í þessu verkefni. Kostnaðurinn er þó ekki alveg ljós ennþá eða hvernig hann skiptist.

- **Starfsreglur fyrir háskólaráð**

Lagt fram til kynningar að skrifstofa rektors hyggist vinna að starfsreglum fyrir háskólaráð Háskólans á Akureyri. Háskólaráðsfulltrúar beðnir um að kynna sér starfsreglur háskólaráðs Háskóla Íslands.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:38.